




Reykjavíkurborg
Menntasvið

Kostir og gallar þess að stofna safnskóla á unglíngastigi í norðanverðum Grafarvogi

Skýrsla safnskólanefndar



September 2009

Efnisyfirlit

Tillaga safnskólaneftndar	3
Skipun nefndar – tildrög.....	5
Skólarnir í norðanverðum Grafarvogi	7
Úttekt á skólunum í norðanverðum Grafarvogi	8
Ólíkar skólagerðir.....	10
Sérfræðipjónusta í heildstæðum skólum, aðskólum og safnskólum	13
Skólahverfið	14
Lokaorð	19


Tillaga safnskólanevndar

Nefndin leggur til að Engjaskóli verði gerður að safnskóla á unglíngastigi í norðanverðum Grafarvogi.

Álitsgerð

Skólarnir í norðanverðum Grafarvogi hafa ekki þann nemendafjölda sem spáð var þegar skipulagning skólahalds hófst þar í byrjun 10.áratugar síðustu aldar. Gert var ráð fyrir skólum fyrir 400 nemendur þegar jafnvægi næðist en samkvæmt nýjustu spám verður nemendafjöldinn á bilinu 220 – 330 á næstu árum .

Mynd 1 - Þróun nemendafjölda í skólunum í norðanverðum Grafarvogi 1995 - 2013



Fjöldi barna í hverfinu er alls ekki í samræmi við íbúaspár frá þessum tíma og afleiðingin mun fámennari skólar en áætlað hafði verið.

Þessi nemendafjöldi (fæð) hefur þau áhrif að starfið í unglíngadeildum skólanna verður ekki eins fjölbreytt og í stærri skólum.

Með því að setja allar unglíngadeildir í skólahverfinu undir einn hatt aukast hugsanlega möguleikarnir á að gera öflugan skóla fyrir unglíngastig sem mótast af þörfum og áhugasviði unglínganna.

Með stofnun safnskóla á unglíngastigi má gera ráð fyrir fjölbreyttara námsframboði, sterkari faggreinakennslu, faggreinakennurum, meiri sveigjanleika í skipulagi skólastarfs, öflugra félagslífi og fleiri úrræðum bæði kennslufræðilegum og félagslegum ásamt hagkvæmari nýtingu fjármagns.

Nefndarmönnum þykir eðlilegt að allir unglíngar í norðanverðum Grafarvogi sitji við sama borð þegar komið er að unglíngastigi og sækji sama skóla en ekki að sumir verði

„aðkomunemendur“ í heildstæðum grunnskóla eins og nú er raunin en unglíngadeild Korpuskóla hefur verið rekin í Víkurskóla vegna skorts á húsnæði. Með stofnun safnskóla á unglíngastigi væri sá húsnæðisskortur úr sögunni.

Ein ástæða þess að talið er hagkvæmt að stofna safnskóla í norðanverðum Grafarvogi er hve vegalengdir eru litlar milli hverfisskólanna og valda ekki mikilli röskun ef til þessara aðgerða kemur


Tafla 1 - Fjarlægðir í metrum, loftlína

	Borgaskóli	Engjaskóli	Korpuskóli	Víkurskóli
Borgaskóli	#	909	1870	707
Engjaskóli	909	#	1360	517
Korpuskóli	1870	1360	#	1190
Víkurskóli	707	517	1190	#

Hvað varðar staðsetningu safnskólans töldu nefndarmenn Engjaskóla og Víkurskóla eðlilegra val en Korpuskóla og Borgaskóla. Þeir eru báðir miðsvæðis í norðanverðum Grafarvogi. Víkurskóli liggur betur við öllu svæðinu og ylli minni röskun á skólahverfinu en hins vegar telur nefndin að húsnæði Engjaskóla sé betur sniðið að þörfum unglíngaskóla. (Sjá úttekt á húsnæði og aðstöðu í skólunum)

Því er það niðurstaða nefndarinnar að fýsilegt sé að stofna safnskóla á unglíngastigi í Engjaskóla í Grafarvogi

Mynd 2 - Þróun nemendafjölda í Engjaskóla – unglíngaskóla (spá)



Með stofnun safnskóla yrðu til þrjú aðskólar sem að mati nefndarinnar væri jákvæð þróun í skólamálum hverfisins. Á síðustu árum hafa nemendur sumra skólanna liðið fyrir fámennið, sérstaklega miðstigið og ekki verið mikið svigrúm til að mæta námslegum og félagslegum röskunum.

Skipun nefndar – tildrög

Á fundi menntaráðs Reykjavíkurborgar 18. júní 2008 var lögð fram á nýjan leik svohljóðandi tillaga fulltrúa F-lista sem fyrst var lögð fram 3. september 2007

F-listinn leggur til að menntaráð láti kanna möguleika á því að gera Víkurskóla í Grafarvogi að safnskóla fyrir unglíngastig.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og F-lista lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu

Fræðslustjóra verði falið að kanna fýsileika þess að gera einn af skólunum í norðurhluta Grafarvogs að safnskóla fyrir unglíngastig.

Breytingartillagan var samþykkt.

Hvatinn að þessari tillögu var hugmynd sem nokkrir foreldrar í norðanverðum Grafarvogi sendu borgarstjórn Reykjavíkur 24. apríl 2007 að gera einn skólanna þar að safnskóla á unglíngastigi og beittu ofangreindum rökum um kosti safnskóla og vísuðu auk þess til nálægðar milli skólanna.

Í nóvember 2008 var skipuð nefnd til að vinna úr tillögu menntaráðs.

Fulltrúar nefndarinnar

Bergþóra Valsdóttir (Guðbrandur Guðmundsson) fulltrúi Samfoks

Helgi Viborg fulltrúi Miðgarðs, Grafarvogi

Jóhanna S. Vilbergsdóttir fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur

Sóley Stefánsdóttir fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur

Ásgeir Björgvinsson sérfræðingur tölfraeði- og rannsóknþjónustu Reykjavíkurborgar

Nanna K. Christiansen verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs

Steinunn Ármannsdóttir verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, formaður nefndarinnar.

Nefndin – hlutverk og helstu verkefni

Nefndin starfaði samkvæmt erindisbréfi og var fyrsti fundur nefndarinnar í desember 2008 og áætluð starfslok um miðjan apríl 2009.

Meginhlutverk nefndarinnar var að kanna fýsileika þess að gera safnskóla fyrir unglíngastig í norðurhluta Grafarvogs og kanna hvaða leiðir væru færar til að koma sem best til móts við ofangreinda tillögu menntaráðs.

Helstu verkefni samkvæmt erindisbréfi voru

Að meta út frá faglegum og félagslegum forsendum hvort einn eða fleiri af skólunum í norðurhluta Grafarvogs henti sem safnskóli fyrir unglingastig

Skoða starfsemi safnskóla á unglingastigi í Reykjavík (Hagaskóli og Réttarholtsskóli) með þá í huga sem fyrirmynd að safnskóla í Grafarvogi

Kanna styrkleika og veikleika þessarar skólagerðar út frá kennslufræðilegum og skipulagslegum þáttum

Nefndin – starfshættir

Á fyrsta fundi nefndarinnar var samþykktur verkefnalisti og var ákveðið að kanna hver skólanna uppfyllti flest skilyrði um starfsemi unglingaskóla.

Þessi atriði voru athuguð sérstaklega

Staðsetning tilvonandi safnskóla fyrir unglingastig

Skólabyggingin með starfsemi unglingadeildar í huga

Umhverfi og aðbúnaður

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

Heimsóttir voru safnskólarnir Hagaskóli og Réttarholtsskóli, auk Breiðagerðisskóla, sem er annar aðskóla Réttarholtsskóla og skólarnir fjórir í norðanverðum Grafarvogi.

Skólastjóri Árbæjarskóla, sem er sambland heildstæðs skóla og safnskóla fyrir unglingastig og fyrrverandi skólastjóri Laugalækjarskóla sem er unglingaskóli sátu fyrir svörum á fundum hjá nefndinni.

Gerð var úttekt á styrkleikum og veikleikum skólagerðanna, þ.e. aðskóla, safnskóla og heildstæðra skóla.

Skólarnir í norðanverðum Grafarvogi

Engjaskóli og Víkurskóli liggja báðir miðsvæðis í hverfinu, Borgaskóli er vestast og á jaðrinum en Korpuskóli nyrst í Staðarhverfi

Kort af skólahverfunum í norðanverðum Grafarvogi



Tafla 2 - Stærð skólanna

	Stærð varanlegs húsnæðis í m ² 2008
Engjaskóli	4.967
Víkurskóli	4.229
Borgaskóli	4.344

Tafla 3 – Fermetrar á nemanda í unglingaskóla

	340 nem.	360 nem.	380 nem.	400 nem.
Engjaskóli	14,6	13,8	13,1	12,4
Víkurskóli	12,4	11,7	11,1	10,6
Borgaskóli	12,8	12,1	11,4	10,9

Úttekt á skólunum í norðanverðum Grafarvogi

Hér kemur lýsing á skólunum með það í huga hver þeirra yrði heppilegastur sem safnskóli og dregjir fram styrkleikar og veikleikar þeirrar aðstöðu sem er í boði.

Borgaskóli

Í dag eru nemendur Borgaskóla 350, þar af 120 í unglingadeild. Samkvæmt framtíðarspá stefnir í fækkun nemenda næstu árin. Gert er ráð fyrir að árið 2013 verði nemendur í 1.-10. bekk um 270. (sjá mynd 1)

Styrkleikar:

- Skólinn er byggður sem heildstæður skóli.
- Skólinn hefur allar sérgreinastofur fyrir list- og verkgreinar, raungreinastofu, bókasafn, íþróttasal og það húsnæði sem til þarf til reksturs unglingaskóla.
- Góður fjölnota salur með sviði til sýninga. Hann er einnig notaður sem matsalur í morgunhléi og hádegismat.
- Góðir göngustígar liggja á milli hverfa og að skólanum. Umferðarhraði er að hámarki 30 km á götum í kring.

Veikleikar:

- Borgaskóli er staðsettur vestast skólanna fjögurra í norðanverðum Grafarvogi. Það yrði um nokkuð langan veg að fara fyrir þau börn sem búa austast í Staðarhverfi
- Gangar eru þröngir, það þarf aðeins fáa unglunga til að fylla þá.
- Kennslustofurnar eru litlar (flestar 47 fermetrar). Þær rúma tæpast nema 24 nemendur.
- Sameiginlegt rými fyrir unglunga er lítið. Því þyrfti að finna ný úrræði fyrir aðstöðu nemenda.

Engjaskóli

Í dag eru nemendur Engjaskóla 303, þar af um 110 í unglingadeild (10. bekkur 49 nemendur). Skráðir nemendur í dag fyrir skólaárið 2009 – 2010 eru um 280. Gert er ráð fyrir að nemendur í 1. – 10. bekk verði 330 árið 2013 (sjá mynd 1)

Styrkleikar:

- Skólinn er byggður sem heildstæður skóli.

- Í skólanum eru allar kennslustofur að einhverju leyti faggreinastofur vegna faggreinakennslunnar sem nú er stunduð í skólanum.
- Skólinn hefur ágætis bókasafn í rúmgóðu húsnæði.
- Skólinn hefur sérgreinastofur fyrir list- og verkgreinar og eru þær vel búnar enda er mikil áhersla lögð á þær greinar.
- Síðustu níu árin hefur verið starfrækt Valver (sérkennsla) á unglingastigi. Þetta skólaár eru 23 nemendur í Valveri. Nemendurnir eru margir hverjir í starfstengdu námi, hafa skerta stundaskrá og allir hafa þeir einstaklingsnámskrá. Undanfarin ár hefur þróun sérkennslu á unglingastigi verið öflug.
- Skólinn er mjög rúmgóður, kennslustofur í góðri stærð, miklir gangar, rúmur miðgangur (gatan), stækkanlegur salur og góð aðstaða til að matast.
- Í dag er frístundaheimili skólans í þrýðisrými sem gæti nýst sem aðstaða fyrir félagsmiðstöð á unglingastigi.
- Góðir göngustígar liggja á milli hverfa og að skólanum. Umferðarhraði hámark 30 km á flestum götum.

Veikleikar:

- Ef Engjaskóli yrði gerður að safnskóla þyrfti að finna leið til að auðvelda nemendum í efri hluta hverfisins (Gullengi, Reyrengr) gönguleið í Borgaskóla. Mosavegur sker í sundur Engjahverfi og hin hverfin. Hámarkshraði er 50 km.

Korpuskóli

Vegna staðsetningar Korpuskóla nyrst í Staðarhverfi er sú vegalengd sem flestir nemendanna þyrftu að fara í skólann ástæða þess að nefndin taldi ekki fýsilegt að gera Korpuskóli að safnskóla fyrir unglunga í norðanverðum Grafarvogi.

Víkurskóli

Í dag eru nemendur Víkurskóla 334, þar af 120 í unglingadeild. Í ágúst 2008 var unglingadeild Korpuskóla færð yfir í Víkurskóla. Samkvæmt framtíðarspá stefnir í fækkun nemenda á næstu árum. Gert er ráð fyrir að 2013 verði nemendur 1.-10. bekk um 300. Hér er gert ráð fyrir unglingadeild í Korpuskóla. (sjá mynd 1)

Styrkleikar:

- Skólinn er byggður sem heildstæður skóli.
- Skólinn hefur allar sérgreinastofur fyrir list- og verkgreinar, raungreinastofu, bókasafn, íþróttasal og það húsnæði sem til þarf til reksturs unglingaskóla.

- Byggingin gefur ákveðna möguleika á fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum. Skólastofur eru af ýmsum stærðum. Meðal annars hefur skólastofum verið breytt og þær opnaðar / stækkaðar. Þar væri unnt að nota fjölbreytt kennslufyrirkomulag t.d. varðandi hópastærðir.
- Stór og mikill gangur gefur tilefni til fjölbreyttrar afþreyingar fyrir nemendur í hléum.
- Rými sem nú er nýtt undir gæslu fengi nýtt hlutverk.
- Staðsetning Víkurskóla er í miðju skólahverfinu í norðurhluta Grafarvogs.
- Góðir göngustígar liggja á milli hverfa og að skólanum. Umferðarhraði hámark 30 km á götum í kring.

Veikleikar:

- Salurinn er lítill.
- Ef um hreina faggreinakenndu yrði að ræða í þyrfti að skoða stærðir á kennslustofum.
- Bókasafn er í þröngu húsnæði.

Ólíkar skólagerðir

Þar sem nefndarmenn fundu engar rannsóknir um mun á heildstæðum skólum annars vegar og á aðskólum/safnskólum hins vegar byggir nefndin ályktanir sínar á viðtölum við skólamenn og eigin reynslu. Hér er byggt á viðtölum við skólastjóra Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla, Hagaskóla, fyrrum skólastjóra Laugalækjarskóla, skólastjóra Árbæjarskóla og allra skólastjóra skólanna í norðanverðum Grafarvogi auk nokkurra kennara og nemenda. Einnig ræddu nefndarmenn við nokkra forráðamenn nemenda í hverfinu. Nefndin nýtti sér gögn frá ráðstefnu sem haldin var 1999 um hvaða skólagerð teldist æskilegust. (Sjá viðauka)

Aðskóli

Með aðskóla er átt við skóla sem hefur tvö fyrstu stig grunnskóla innan sinna vébanda (venjulega 1.-7.bekk) og sér safnskóla fyrir nemendum. Verði einn skólanna í norðanverðum Grafarvogi safnskóli yrðu hinir þrír aðskólar hans.

Styrkleikar:

- Rekstrarform aðskóla getur verið einfaldara og skilvirkara en heildstæðra skóla og fjármagn nýst betur.
- Yngstu nemendum líður betur í umhverfi þar sem aldurskipting er minni.
- Þéttara samstarf milli kennara.
- Skólamenning verður barnslegri án unglínganna.
- Skipting við 7.bekk er mörgum nemendum mikil áskorun.

- Nemendur aðskóla virðast jákvæðir gagnvart safnskólum og líta á skólaskiptin sem spennandi tímamót.

Veikleikar:

- Vinna sem unnin hefur verið með ákveðnum einstaklingum og hópum rofnar oft við flutning þeirra úr aðskóla í safnskóla.
- Mikill tími fer oft í að endurtaka greiningu á stöðu nemenda og finna leiðir sem henta best.
- Nemendur eiga ekki kost á að starfa eftir sömu hugmyndafræði og námsaðferðum allan grunnskólann.
- Yngri nemendur fara á mis við þá fyrirmynd sem eldri nemendur geta verið þeim.
- Getur verið erfitt fyrir viðkvæma einstaklinga að skipta um skólaumhverfi.
- Margir kennarar eru hlyntir því að nemendur hljóti heildstæða menntun í sama skólanum

Safnskóli

Safnskóli er skóli sem tekur við nemendum úr að minnsta kosti tveimur aðskólum, oftast eru þrjú árgangar í skólanum 8. – 10. bekkur.

Styrkleikar:

- Rekstur skólans getur orðið hagkvæmari og betri nýting á fjármagni
- Auðveldara er að koma við faggreinakennslu
- Auðveldara er að ráða menntaða faggreinakennara
- Fjölbreyttari valáfangar. Hvað snertir Engjaskóla sem safnskóla er ljóst að nálægð hans við Borgarholtsskóla gefur færi á margs konar samvinnu og valáföngum sem skapar aukið framboð fyrir nemendur skólans.
- Fjölbreyttara félagslíf
- Oft gott fyrir nemendur að skipta um skólaumhverfi, t.d þeir sem standa höllum fæti félagslega og kynjahlutföll hafa verið óhagstæð
- Safnskóli getur gefið tækifæri á nýrri byrjun
- Nemendur aðskóla virðast almennt mjög jákvæðir gagnvart safnskólum

Veikleikar:

- Leiðin í skólann lengist hjá flestum nemendum sem skipta um skóla
- Nemendur í safnskólum eiga ekki kost á að starfa eftir sömu hugmyndafræðinni út allan grunnskólann
- Nemendur í safnskóla fara á mis við að vera yngri nemendum fyrirmynd og stuðningur

- Það getur verið erfitt fyrir viðkvæma einstaklinga að þurfa að skipta um skólaumhverfi
- Mikil vinna fer oft í að endurgreina nemenda sem koma úr aðskólum

Heildstæður skóli

Með heildstæðum skóla er átt við skóla sem hefur 10 árganga, og nemendur sækja frá upphafi til enda skyldunáms. Þar sem allir skólarnir í norðanverðum Grafarvogi eru þannig skipulagðir verður hér lagt mat á styrkleika þeirra og veikleika.

Styrkleikar:

- Allir skólarnir eru byggðir með þarfir heildstæðra grunnskóla í huga
- Skólarnir eru allir í miðju skólahverfanna og því tekur það nemendur aðeins örfáar mínútur að komast í skólann.
- Nemendur starfa að öllu jöfnu eftir sömu hugmyndafræðinni og sömu kennsluáðferðum allan grunnskólann.
- Það að hafa nemendur innan sömu stofnunar auðveldar starfsfólki að fylgja þeim eftir sem einstaklingum og tryggja þeim samfelldan stuðning og þjónustu við hæfi
- Eldri nemendur geta verið yngri nemendum góð fyrirmynd og aðstoðað við ýmis verkefni
- Skólarnir eru þungamiðja hverfanna í félagslegum samskiptum
- Góð samvinna er milli skólanna og leikskólanna í hverfinu

Veikleikar:

- Skólarnir hafa liðið fyrir fækkun nemenda en það hefur heft starfsemi þeirra, fjármagni til skóla er úthlutað í samræmi við fjölda nemenda
- Hætta er á að hlutfall milli kynja verði óhagstætt, komið hafa árgangar sem hafa nær eingöngu haft annað kynið
- Það að fylgja sama kennara og nemendahópi í 10 ár getur reynst sumum nemendum erfitt
- Val nemenda fábreyttara en í stærri skólum
- Erfiðara er að koma við faggreinakennslu á unglíngastigi vegna skorts á sérmenntuðum faggreinakennurum

Sérfræðiþjónusta í heildstæðum skólum, aðskólum og safnskólum

Engin formleg könnun hefur verið gerð á því hvort tilvísanir nemenda séu fleiri eða færri eftir því hvernig skólar eru skipulagðir.

Fyrirspurnir til þjónustumiðstöðva sem sinna safnskólum í Reykjavík telja ekki að safnskóli á unglíngastigi krefjist meiri sérfræðiþjónustu.

Tilvísanir frá grunnskólum eru flestar á miðstigi.


Í safnskóla er einsleitari hópur og því um margt auðveldara að sinna ýmsum málum eins og forvörnum og einelti. Ætla má að auðveldara sé að bregðast við skólavanda eins og agabrotum og skólasóknarerfiðleikum í safnskóla þar sem fleiri eru saman heldur en þar sem unglíngadeildir eru dreifðar og fámennar. Í safnskóla er auðveldara að samræma vinnubrögð, stokka upp og breyta bekkjum og vinna þannig gegn einelti.

Einnig er rétt að fram komi að sveigjanleiki til að sinna börnum með sérþarfir er meiri þar sem árgangar eru fjölmennir. Svipuð rök má færa fyrir aðkomu sérfræðiþjónustu við aðskóla. Þar er einsleitari nemendahópur og því auðveldara að samræma vinnubrögð vegna hegðunarvanda og viðbrögð við sérþörfum nemenda.


Skólahverfið

Ef Engjaskóli yrði gerður að safnskóla er ljóst að töluverðar breytingar yrði að gera á skiptingu skólahverfa í norðanverðum Grafarvogi. Nefndin gerir tillögu um eftirfarandi skiptingu

Ný skipting á skólahverfunum - Hamravík í Borgaskóla A




Mynd 3 - Ný skipting A




	2010	2011	2012	2013	2014
Borgarskóli A	358	350	345	336	340
Víkurskóli A	266	280	290	300	295
Korpuskóli	180	172	157	142	127

Ný skipting á skólahverfunum - Hamravík í Víkurhverfi B




	2010	2011	2012	2013	2014
Borgaskóli B	311	311	313	297	300
Víkurskóli B	313	314	328	336	337
Korpuskóli	180	172	157	142	127

Mynd 4 - Ný skipting - Hamravík í Víkurhverfi B



Mynd 5 - Áætlaður nemendafjöldi í Engjaskóla sem safnskóla á unglíngastigi




	2010	2011	2012	2013	2014
Engjaskóli safnskóli	350	347	339	336	359

Nefndin velti fyrir sér ýmsum hliðum málsins m.a. hvort munur væri á ánægju foreldra með safnskóla og skólana í norðanverðum Grafarvogi .


Hér að neðan er rannsókn sem tölfræði- og rannsóknþjónusta Menntasviðs hefur unnið.

Mynd 6 - Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með skólann sem barnið þitt er í? - Safnskólar



	2000	2002	2004	2006	2008
Hagaskóli	82%	79%	84%	85%	65%
Réttarholtsskóli	90%	88%	93%	82%	84%
Reykjavík	80%	79%	78%	78%	72%

Mynd 7 - Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með skólann sem barnið þitt er í?



	2000	2002	2004	2006	2008
Borgaskóli	78%	90%	81%	74%	61%
Engjaskóli	94%	84%	72%	84%	87%
Korpuskóli	77%	78%	83%	79%	52%
Víkurskóli		97%	94%	73%	66%
Reykjavík	80%	79%	78%	78%	72%

Lokaorð

Ljóst er að ef farið yrði út í þessar breytingar þyrfti t.d. að huga betur að eftirfarandi atriðum

- Gaumgæfa nákvæmlega hvernig skólahverfin breytast með tilliti til umferðar nemenda til og frá skóla og óska eftir álitum umferðarstofu Reykjavíkurborgar
- Það þyrfti að gera kostnaðaráætlun, (hvað sparast, t.d. viðbygging við Korpuskóla, hvaða kostnaður yrði, t.d. göng undir Mosaveg o.fl.)
- Fara yfir starfsmannamál
- Samráð við foreldra, hverfaráð, ÍTR og fleiri. Hafa ber í huga að það voru foreldrar í norðanverðum Grafarvogi sem upphaflega sendu áskorun til menntaráðs um að athuga þann möguleika að gera safnskóla á unglíngastigi í hverfinu

Nefndin stingur upp á að eftirfarandi aðilar aðrir en menntaráð fái tillöguna til kynningar og umsagnar

- Skólaráð skólanna í norðanverðum Grafarvogi
- Stjórnir foreldrafélaga skólanna
- Hverfisráð
- ÍTR þ.e. Gufunesbær
- Þjónustumiðstöðin Miðgarður
- Samfok

Viðmælendur		
Auður Árný Stefánsdóttir	Fyrirverandi skólastjóri Laugalækjarskóla	Skrifstofustjóri Menntasviði
Árný Inga Pálsdóttir	Skólastjóri	Víkurskóli
Berghildur Valdimarsdóttir	Umsjónarkennari 10.bekkjar	Borgaskóli
Guðbjörg Þórisdóttir	Skólastjóri	Breiðagerðisskóli
Guðlaug Ólafsdóttir	Deildarstjóri	Breiðagerðisskóli
Tryggvi Már Einarsson	Verkefnisstjóri	Hagaskóli
Hilmar Hilmarsson	Skólastjóri	Réttarholtsskóli
Inga Þórunn Halldórsdóttir	Skólastjóri	Borgaskóli
Ingibjörg Anna Arnarsdóttir	Deildarstjóri	Garðaskóli
Jóhanna S. Vilbergsdóttir	Skólastjóri	Engjaskóli
Margrét Júlíusdóttir	Umsjónarkennari 7. bekkjar	Breiðagerðisskóli
Nemendur	10. bekkjar	Hagaskóli
Ólafur Jónsson	Kennari	Réttarholtsskóli
Ómar Örn Magnússon	Aðstoðarskólastjóri	Hagaskóli
Ragnar Gíslason	Skólastjóri	Garðaskóli
S. Ingibjörg Jósefsdóttir	Skólastjóri	Hagaskóli
Svanhildur María Ólafsdóttir	Skólastjóri	Korpuskóli
Þorsteinn Sæberg	Skólastjóri	Árbæjarskóli

Heimildir og stuðningsefni

- Aðalnámskrá grunnskóla (2006) almennur hluti.
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>
- Árný Inga Pálsdóttir (2009): Heildstæður grunnskóli. *Rök með því að í Grafarvogi verði áfram heildstæður grunnskóli*. Grein rituð að beiðni safnskólanefndar
- Ársskýrsla Garðaskóla 2007 – 2008. Ritstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir
- Edda Sóley Óskarsdóttir (1999): Heildstæður grunnskóli eða skipti við unglíngastig. *Nokkrir kostir við skipti við unglíngastig*. Erindi flutt á málþingi: Heildstæður skóli eða safnskóli ráðstefna haldin á vegum Samfoks, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Kennarafélags Reykjavíkur og Skólastjórafélags Reykjavíkur 30. apríl 1999 í Fræðslumiðstöð reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, R.)
- Fréttabréf Samfoks maí 2007. Um skólahald í Úlfarsárdal
- Fundargerðir safnskólanefndar 1 – 13. Varðveittar í Skjölu á Menntasviði Reykjavíkurborgar
- Gerður G. Óskarsdóttir (1997): Af hverju ekki að skipta við 10 – 11 ára aldur? Morgunblaðið /mbl.is
<http://www.mbl.is/mm/frettir/leit/?search=gagnasafn>
- Gerður G. Óskarsdóttir (1998): Efni: Kostir tveggja valkosta um skólaskipan í Grafarholti. Minnisblað. Til fræðsluráðs Reykjavíkur. Frá fræðslustjóra
- Gerður G. Óskarsdóttir (1999): Rök með og á móti heildstæðum eða skiptum skyldunámsskóla. Fyrirlestur á ráðstefnu Samfoks o.fl. 30.4 1999)
- Gestur Guðmundsson (1999): Safnskóli eða heildstæður skóli (Fyrirlestur á ráðstefnu Samfoks o.fl. 30.4 1999)
- Guðbjörg Þórisdóttir (1999) : Heildstæður grunnskóli eða skipti við unglíngastig. Fyrirlestur á ráðstefnu Samfoks o.fl. 30.4 1999
- Guðbrandur Guðmundsson (2007): Kostir og gallar lítilla grunnskóla. Fyrirlestur flutt á fundi Samfoks í mars 2007
- Lög um grunnskóla, 2008.
<http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>
- Ragnheiður Jónsdóttir (1999): Heildstæður skóli heppilegri kostur. Fyrirlestur á ráðstefnu Samfoks o.fl. 30.4 1999
- Þóra Kristín Jónsdóttir (1999): Fyrirlestur á ráðstefnu Samfoks o.fl. 30.4 1999
- Gögn og upplýsingar frá Tölfræði- og upplýsingaþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar.